

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Hríseyjar nr. 421 1. október 1979.

1. mgr. 12. gr. orðist svo:

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 2. janúar ár hvert og ber að greiða skattinn á skrifstofu hreppsins.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hríseyjarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. desember 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

21. desember 1982.

AUGLÝSING

Nr. 791.

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á aðalskipulagi Bolungarvíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 20. desember 1982 staðfest aðalskipulagsuppdrátt af Bolungarvík.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Bolungarvíkur og skipulagsstjórn ríkisins. Jafnframt er úr gildi felldur skipulagsuppdráttur af Bolungarvík sem staðfestur var af félagsmálaráðuneytinu 24. nóvember 1930.

Félagsmálaráðuneytið, 21. desember 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

20. desember 1982.

REGLUGERÐ

Nr. 792.

um breyting á reglugerð nr. 129 13. mars 1978 um þorskfisknet.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 691/1981, orðist þannig:

Á tímabilinu 16. janúar til 15. maí, skal lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að nota, vera 7 þumlungar (178 mm).

Á tímabilinu 16. maí til 15. janúar, skal lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að nota, vera 6 þumlungar (152 mm).

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nr. 792.

1400

20. desember 1982.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. desember 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 793.

AUGLÝSING

20. desember 1982.

um hámarkshraða á Vesturlandsvegi.

1. gr.

Hámarkshraði ökutækja á Vesturlandsvegi í Mosfellshreppi skal vera 60 km á klst. á vegarkafla frá stað vestan við vegamót við Langatanga upp fyrir Ullarnesbrekku að stað um 100 m frá vegamótum við Þingvallaveg.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 50. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Jafnframt breytast ákvæði auglýsingar nr. 252 16 ágúst 1973.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. desember 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 794.

AUGLÝSING

14. desember 1982.

um staðfestingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 8. desember 1982 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og skipulagsstjórn ríkisins. Jafnframt er úr gildi felldur aðalskipulagsuppdráttur sá af Hafnarfirði sem staðfestur var 3. mars 1933 og skipulagsuppdráttur af „Norðurbæ“ í Hafnarfirði sem staðfestur var 12. september 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.